



Nafn nemanda Bekkur



Einstaklingsvörður

Um nemandann

Hæfileikar, sterkar hliðar, námslag og áhugasvið.

Helstu verkefni og áherslur í félagslegri færni


Hér er tekið fram ef þarf, hverjar þarfir nemandans eru í daglegu lífi sem hafa þarf í huga við skipulag vinnunnar. Einnig ef þörf er á sérstökum áherslum t.a.m. stuðning við myndun félagstengsla, hegðun, styrkingu sjálfsmyndar, líðan, aukna ábyrgð í heimanámi eða námi almennt, stundvísi eða annað sem vinna þarf að í eða jafnhliða verkefninu.

Hér skal tilgreina þau félagslegu markmið sem unnið er með í skólanum sbr. Eyðublað í námsmöppunni. Þeir þættir sem ganga vel mega að sjálfsgöðu vera nefndir hér, eins og þeir sem þarf að þjálfra betur. Félagsleg færni er metin á sérstöku eyðublaði.

Helstu verkefni og áherslur í námslegri færni

Hér skal fjalla um ef ástæða er um námsgreinar – saman eða í sitthvoru lagi allt eftir því hver staða nemandans er. Hér væri hægt að tilgreina að nemandi fylgi áherslum Aðalnámskrá grunnskóla að mestu leyti. Ítreka að ef nemandi bregður *verulega* útaf markmiðum hennar er rétt að útbúa sérstaka námskrá og geyma hana hjá skólastjóra því hún myndi flokkast undir trúnaðarmál.

Varðan er í sífelldri endurskoðun, markmiðum er náð, ný koma inn og önnur þarf að þjálfra frekar. Hér eru sett inn helstu námslegu markmiðin sem þarf að þjálfra, t.d. Hlustun í íslensku, stafsetningu eða ákveðna þætti t.d. stærðfræði. Markmiðin skulu vera þannig að auðvelt sé að meta hvernig gangi að vinna með þau og ekki ná yfir allt of langan tíma – gott er að endurskoða Vörðuna og markmið hennar í hverju nemendasamtali yfir veturinn.



Gott er að tilgreina nákvæmlega þau markmið sem unnið er að.

Félagsleg markmið skulu vera þau sömu og á Námsmatsblaðinu Félagsleg færni, Námsleg markmið geta verið t.d. Mælanleg; auki lestrarhraða sinn, kunni margföldunartöfluna, eða læri ákveðnar reikniáðgerðir, fækki villum í stafsetningu o.s.f.v.

Markmiðin þurfa vera þannig að nemandi geti náð þeim og hægt sé að meta hvort hann hafi náð þeim eða sé á einhverri þeirri leið að honum miði í þá átt.

Annað

Hér má tilgreina hvað sem er sem kennara liggur á hjarta og gefa má þessu annað heiti en annað – ef þetta er ekki notað þá einfaldlega eyðið þið þessu út

Foreldrar, nemandi og umsjónarkennari undirrita vörðurnar

Grunnskólinn á Þórshöfn, (dags.) 2016

Nafn nemanda

Nafn foreldris

Umsjónarkennari